



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

7. árgangur 5. tbl.

Mái 2010

Landnámsdagur 5. júní



Laus staða starfsmanns við mötuneyti og umsjón með húsi.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur auglýsir eftir matráði í mötuneyti Þjórsárskóla skólaárið 2010-2011 og starfsmanni í Félagsheimilið Árnesi. Um er að ræða samsett starf upp á 100% sem skiptist í 65% í mötuneyti og 35% í önnur verk efni tengd húsinu. Í mötuneyti skólans er eldað verður fyrir 44 nemendur og 5-10 starfsmenn skólans. Að auki eru aðrir starfsmenn hreppsins og utanaðkomandi eftir því sem um semst hverju sinni. Starfsmaður hefur möguleika á aukatekjum af viðburðum í húsinu utan dagvinnutíma. Sjá nánar í starfslýsingu (www.skeidgnup.is). Ráðið er í starfið frá og með 15. ágúst skv. samningum sveitarfélagsins við viðkomandi stéttarfélag. Umsóknum skal skila til skólastjóra Þjórsárskóla, Árnesi, 801 Selfoss eða á netfangið inga@thjorsarskoli.is fyrir **8. júní 2010**. Nánari upplýsingar veitir

Gunnar Örn Marteinnsson
oddviti

oddviti@skeidgnup.is


sími 486-6014

og Ingibjörg María

Guðmundsdóttir

skólastjóri 486-6051/


864-5481.



Fótboltafréttir

Um leið og ég vil þakka öllum knattspyrnuíðkendum samstarfið þá óska ég ykkur gleðilegs sumars og góðs gengis. Munið að vera dugleg í boltanum, æfingin skapar meistarann 😊
Árni Þór Hilmarsson hefur nú tekið við þjálfun.

Bestu kveðjur, Heimir þjálfari



Allir 18 ára og yngri sem eiga lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fá frítt í sund! Nýtið ykkur það! Sundgleraugu og fleiri vörur tengdar sundi eru seldar í sundlaugunum. Sjáumst í sundi!! Sundlaugarverðir 👍





Vikuna 10-14. maí eru nemendur úr 6. og 7. bekk í skólabúðum að Reykjum í Hrútafirði. Þetta eru 12 nemendur ásamt Bolette Höeg Koch sem dvelja að Reykjum við nám og störf í 5 daga. Það var mikill spenningur um morguninn þegar rúta Guðmundar Tyrfingssonar lagði af stað með hópinn norður. Á meðan er 1.-5. bekkur í skólanum og væntanlegir nemendur í 1. bekk koma í skólann miðvikudaginn 12. maí með skólabílum og eru heilan skóladag.

Vikan 17.-21. maí hefst og lýkur með íþróttum. Á mánudag verður sundkeppni skólans haldin í Brautarholti og þá mega allir hafa með sér sundföt og leikföng í sundið, því það verður dótasund að lokinni keppni. Almenn kennsla og námsmat er þriðjudag til fimmtudags og Tónlistarskólinn slítur skólanum í Þjórsárskóla á þriðjudag kl. 17:00. Á föstudag verður skógardagur og þá hlaupa nemendur okkar skógarhlaupið sem Þjórsárskóli tók upp sem framlag skólans í hið norræna skólahlaup. Nemendur hlaupa 2,5-5 km leið í skóginum að loknum ýmsum öðrum verkefnum þar.

Vikan 25.-28. maí er ferðavika í skólanum. Þá er ætlunin að 5.-7. bekkur fari vorferð til Vestamannaeyja. Flogið verður í tveimur ferðum frá Bakka og komið seinni part dags heim aftur. Á meðan fara nemendur í 1.-4. bekk í ferð niður að strönd en þeirra ferð rúmast innan skólatíma. Miðvikudaginn nýtum við í skólanum við frágang á stofum, bókum og hlúum að gróðrinum í kringum skólann. Síðasti skóladagur þar sem nemendur mæta í Þjórsárskóla verður svo fimmtudagurinn og þá verður stöðvavinna og grill á eftir. Sá dagur er styttri en venjulega eða 9-13. Föstudaginn nýta kennarar svo í frágang fyrir skólaslit.

Skólaslit verða mánudaginn 31. maí kl. 16:00 í Félagsheimilinu Árnesi. Þá útskrifum við 8 nemendur sem fara á Flúðir í haust og kveðjum 2 sem flytja frá okkur. Á skólaslitunum syngur kór skólans, veittar eru viðurkenningar, afhentur vitnisburður og sýnd eru fjölbreytt verk nemenda í salnum. Allir eru velkomnir á skólaslitin.

Í sumar verður unnið að ýmsu viðhaldi innan skólans svo allt verði sem best þegar skóli hefst aftur 25. ágúst í haust.

Hafið það öll sem best í sumar.

Ingibjörg María, skólastjóri Þjórsárskóla

65. fundur var haldinn í hreppsnefnd Skeiða-og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 20. apríl 2010 kl.13.00 í Árnesi. Mættir voru: Gunnar Örn Marteinsson, oddviti, Haukur Haraldsson, Jón Vilmundarson, Ingvar Hjálmarsson og Björgvin Skafti Bjarnason sem jafnframt ritaði fundargerð. Gunnar setti fund og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

1. Ársreikningur 2009 lagður fram fyrri umræða, Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi mætir á fundinn. Ársreikningi vísað til síðari umræðu. Einar og Ingvar viku af fundi kl.14.20
2. Fundargerð fræðslunefndar Flúðaskóla, fundur haldinn 06.04.2010. Fundargerð lögð fram.
3. Fundargerð félagsmálanefndar 124. fundur haldinn 06.04.2010. Fundargerð staðfest.
4. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands 125. fundur haldinn 08.04.2010. Fundargerð lögð fram.
5. Stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands 120. fundur haldinn 12.04.2010. Fundargerð lögð fram.
6. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands 188. fundur haldinn 29.03.2010. Fundargerð lögð fram.
7. Fundargerð aðalfundar Eignarhaldsfélags Suðurlands haldinn 26.03.2010. Fundargerð lögð fram.
8. Ályktanir og tillögur sem samþykktar voru á héraðsþingi HSK þann 06.04.2010. - Lagðar fram.
9. Erindi frá SASS þar sem óskað er eftir fulltrúa í starfshóp um mat á sameiningarkostum sveitarfélaga. Samþykkt að Gunnar Marteinsson verði fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.
10. Tillaga að innkaupareglum fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Sveitarstjórn samþykkir innkaupareglurnar
11. Tillaga frá Rangárbökkum um hlutafjárukningu í félaginu.
12. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti en mun ekki taka þátt í hlutafjárukningu. Tillaga um skipulag málefna fatlaðra á starfsvæði SASS. Lagt fram bréf frá SASS, dags. 30. mars 2010, ásamt tillögu um skipulag málefna fatlaðra á starfsvæði SASS. Framlögð tillaga er niðurstaða starfshóps aðildarsveitarfélaga SASS, þar sem útfært er skipulag og þjónustuvæði við fatlaða á Suðurlandi. Tillagan var kynnt á síðasta fundi sveitarstjórnar, fundargögn þá útsend. Sveitarstjórn leggur áherslu á að skipulag málefna fatlaðra á starfssvæði SASS verði á höndum byggðasamlags og samþykkir að unnið verði áfram í

framlögðum hugmyndum Sigurðar H. Helgasonar, sbr. bréf frá 30.mars 2010.

13. Húsnæðismál skipulags og byggingarfulltrúa.

Lagðar fram hugmyndir og kostnaðartölur um að flytja embætti Skipulags og byggingarfulltrúa í húsnæði sem áður hýsti Héraðsskólann á Laugarvatni. Sveitarstjórn styður hugmyndirnar.

Fleira ekki gert fundi slitið kl: 16.00



Tónleikar í Skálholtskirkju.

Vörðukórinn og Aasen songlag frá Noregi.

Föstudaginn 14. maí kl. 17:00 syngja 2 kórar í Skálholtskirkju.

Aasen songlag kemur frá Aasen í Norður-Prændalögum í Noregi, u.þ.b. 60 km norðan við Prándheim. Kórinn byggir á norski sönghefð og er hér í heimsókn í tilefni af 80 ára starfsafmæli. Vörðukórinn byggir aftur á móti á íslenskri sönghefð og hefur einungis starfað í 15 ár.

Stjórnandi Vörðukórsins er Eyrún Jónasdóttir.

Aðgangur ókeypis - Allir velkomnir.

Verðlisti frá Búnaðarfélagi Skeiðahrepps

Ásmundur Lárusson í Norðurgarði sér um tækin og tekur á móti pöntunum í síma 895-8436

Tækin eru staðsett í Norðurgarði og á Reykjum hjá Rúnari (sími 693-4783)
Þessi tæki eru til útleigu í sumar:

Tæki	Verð		Lágmarksgjald
Leiga á loftpressu	1.800	klst	
Leiga á sáðbeðsherfi	2.400	klst	3.500
Leiga á pinnatætara	2.400	klst	3.500
Leiga á vendiplógi	2.400	klst	3.500
Leiga á plógi	2.200	klst	3.500
Leiga á steypuhrærivél	1.200	tökugjald	
Leiga á sláttuvél	850	klst	3.500
Leiga á kornsnigli	300	tn	10.000 gjaldfært eftir 25 tn
Leiga á flaghefli	600	klst	3.500
Leiga á Khun tætara	2.400	klst	3.500
Leiga á fjölnotadreifara	15.600	dagsgjald	
Leiga á kornsnigli-stórum	360	tn	10.000 gjaldfært eftir 25 tn
Leiga á haugtanki NC	15.600	dagsgjald	
Leiga á kerru	3.500	dagsgjald	
Leiga á kornvalsi	2.400	tn	10.000 gjaldfært eftir 5 tn
Leiga á valtara	2.400	klst	4.500
Kornsláttur	18.000	klst	5.000 Komugj.
Húsaleiga	1.600	fm	

10% afsláttur er veittur félögum í Búnaðarfélögum Skeiða- og Gnúpverja

Skarni ehf leigir út mykjudreifara sem getur felld mykjuna ofan í svörðinn eða dreift henni með slöngum, dreifarinn er eingöngu leigður út með dráttarvél og manni. Afköstin eru mjög mikil eða u.þ.b. 60—100 tn á klst.

Davíð Ingvason á Brjánsstöðum vinnur með dreifarann og tekur á móti pöntunum í s. 898-9154

Búnaðarfélag Skeiðahrepps

(Endilega geymið auglýsinguna!)

Íþróttta- og leikjanámskeið!

Við ætlum að bjóða upp á

íþróttta- og leikjanámskeið HSK dagana:

7. - 18. júní frá kl. 09.00 - 11.30

Leiðbeinandi er Ólafur Guðmundsson.

Allir krakkar velkomnir.

Skráning á námskeiðið er hjá Láru í

síma 486 5514 / 847 5353



Frá formanni Hestamannafélagsins Smára.

Það er komið vor og all flestir komnir með fiðring og farnir að ríða mikið út. Fleiri eru með fiðring og fara þá að keyra um á vélfákum á hinum ýmsu vegum sveitanna. Komið hefur fyrir í þrígang nú undanfarið að legið hefur við stór slysi vegna þessa þar sem vélhjól og hestar mætast á **reiðvegum**. Veit ég að það liggur á okkur í félaginu að merkja reiðvegina svo það sé klárt mál að um reiðveg sé að ræða en ekki vélhjólabraut og verður bætt úr því.

Smárafélagar, við þurfum að vera á varðbergi ef við heyrum í vélhjólum og gera þá raðstafanir, og þið sem akið um á vélhjólum verðið að gera svo vel og sleppa því að aka um á reiðvegnum þeir voru ekki lagðir fyrir ykkur. Þeir eru lagðir fyrir fé sem úthlutað er til hestmannafélaga og ætlaðir ríðandi umferð, ég bendi ykkur vélhjólamönnum á að ef næst í ykkur við akstur á merktum reiðvegum getur viðkomandi átt á hættu að fá á sig kæru og sektir.

Hreppakappar félag vélhjólamanna fékk afnot af reiðhöllinni í vetur og talaði formaður ykkar þá um að öll dýrin í skóginum ættu að vera vinir, vona ég að svo sé enn og ekki sé um að ræða hreppakappafélaga sem aka um á reiðvegnum. Vona ég að þið vélhjólamenn takið ykkur á og akið ekki á reiðvegnum bæði vegna þess að það fer ekki vel með þá og skapar óþarfa hættu á slysum, við skulum ekki bíða eftir því að það verði slys og allt verði verra en þegar er orðið í þessum málum.

Með kveðju

Guðni Árnason formaður Hestamannfélagsins Smára.

66. fundur var haldinn í hreppsnefnd Skeiða-og Gnúpverjahrepps þriðju daginn 4.maí 2010 kl.10.30 í Árnesi.

Mættir voru: Gunnar Örn Marteinsson, oddviti, Jóhanna Lilja Arnardóttir, Jón Vilmundarson, Tryggvi Steinarsson, Ingvar Hjálmarsson sem jafnframt ritaði fundargerð. Gunnar setti fund og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

1. Ársreikningur Skeiða-og Gnúpverjahrepps fyrir árið 2009. Síðari umræða, fundargögn áður útsend.

Helstu niðurstöður A og B hluta eru eftirfarandi.

Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur kr. 397.639.356

Rekstrargjöld kr. -374.180.248

Fjármagnsgjöld kr. -2.367.563

Tekjuskattur kr. -114.118

Rekstrarniðurstaða kr. 21.205.663

Efnahagsreikningur

Fastafjármunir kr. 345.337.601

Veltufjármunir kr. 139.930.957

Eignir samtals kr. 485.268.558

Skuldir og eigið fé

Eiginfjárreikningur kr. 367.915.593

Langtímaskuldir kr. 65.359.749

Eigið fé og skuldir samtals kr. 485.268.558

Samkvæmt sjóðstreymisýfirliti nam veltufé frá rekstri árið 2009 kr. 41.308.230

2. Fundargerðir skólanefndar nr. 42. leikskólamál og 43. grunnskólamál haldnir 15.04.2010. - Fundargerðir staðfestar.
3. Lagt fram til kynningar fundargerð 5. fundar Skólaráðs Þjósárskóla haldin 15.04.2010.
4. Lagt fram bréf frá Þjóðskrá varðandi kjörskrár til sveitarstjórnakosninga 29.05.2010.
5. Erindi frá Reyni Bergsveinssyni fyrir hönd Vasks á bakka varðandi minka-veiðar. - Erindinu hafnað.
6. Ályktun frá ráðstefunni ungt fólk og lýðræði. - Lagt fram.
7. Afgreiðsla á umsókn í landbótasjóð þar sem fram kemur að veittur var styrkur uppá 450.000. kr. til landbótaverkefna á Gnúpverjaafrétti.

Samsvarandi styrkur vegna Flóamannafréttar er 500.000. kr.
Sveitarstjórn fagnar afgreiðslu landbótasjóðs.

8. Úthlutun styrks að upphæð 250.000. kr. frá menningarráði Suðurlands til Landnámsdags í Skeiða-og Gnúpverjahreppi.
Sveitarstjórn fagnar úthlutun menningarráðs.
9. Farið yfir fyrirhugaðar breytingar á húsnæði Félagsheimilisins Árnes og aðrar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins. Fulltrúar Kvenfélags Gnúpverja og Ungmennafélags Gnúpverja mæta á fundinn v/fyrirhugaðra breytinga í Árnesi.
Rætt um fyrirhugaðar breytingar í Árnesi. Allir sammála um að skýra þurfi betur aðkomu félaganna að húsinu til framtíðar. Kvenfélagið er samþykkt breytingunum ef geymslurými er tryggt. Sama má segja með Ungmennafélagið sem leggur ríka áherslu á að aðstaða fyrir íþróttaiðkun verði áfram tryggð. Sveitarstjórn samþykkir að fá nánari útlistingar frá arkitekt.
10. Tekin ákvörðun um fyrirhugaðan kjörstað vegna sveitarstjórnarkosninga 29.05.2010. - Kosið verður í Brautarholti.
11. Lagðar fram til kynningar afgreiðslufundargerðir byggingarfulltrúa fundur nr.41. og fundur nr. 42. Einnig lögð fram fundargerð skipulags- og byggingarnefndar fundur nr.23.
Mál nr.1 Löngudælaholt 22, gestahús.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslufundargerðir byggingarfulltrúa.
Fundargerð 23. fundar skipulags-og byggingarfulltrúa samþykkt.
12. Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi sunnan við Árnes. Breytingin er gerð til samræmis við breytingu á aðalskipulagi sem nýlega tók gildi sem gerir ráð fyrir nýjum tengivegi frá Þjórsárdalsvegi yfir Þjórsá að Landvegi í Rangárvallarsýslu. Vegna breytingu á legu fyrirhugaðra vega á svæðinu breytist stærð og afmörkun smábýlalóða, auk þess sem tenging við þjóðveg færist til vesturs frá Árnesi.
Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu á deiliskipulagi að ræða þar sem hún hefur eingöngu áhrif á lóðir sem ekki hafa verið stofnaðar eða úthlutað. Þá hefur færsla á tengingu við þjóðveg (staðsetning hringtorgs) þegar verið kynnt í breytingu á aðalskipulagi.
Sveitarstjórn samþykkir því breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir hagsmunaaðilum á athafnalóðum við Suðurbraut.

Fundi sliti kl. 13:40.

Frá K-Lista

Frambjóðendur K-Lista hvetja íbúa í Skeiða-og Gnúpverjahreppi til að kynna sér stefnumál framboðslistanna til sveitarstjórnar í kosningunum sem framundan eru. Við viljum efla samstöðu íbúanna og byggja sveit fyrir fólk, sterkur K-Listi er nauðsynlegur til að það takist. Stefnumál listans eru aðgengileg á heimasíðu framboðsins <http://klisti.123.is/home/> einnig verður gefin út bæklingur og dreift í hús. Frambjóðendur listans eru ávallt tilbúnir til umræðna við íbúana um stefnumál listans.

Frambjóðendur K-Lista

Þarftu að láta mála húsin eða útihúsin fyrir sumarið?

Nú er rétti tíminn til að huga að útivinnunni.

Endilega hafið samband

Aðalsteinn Aðalsteinsson

Málrameistari

Sími: 868 6576

Netfang: allimal@simnet.is



Atvinnuuppbyggingarsjóður

Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Minnum á að stofnaður hefur verið sjóður til atvinnuuppbyggingar á vegum sveitarfélagsins. Megin hlutverk hans er að efla byggð og atvinnu í sveitinni og styrkja verkefni sem lúta að atvinnuþróun og nýsköpun.

Nánari upplýsingar eru aðgengilegar á heimasíðu hreppsins,

<http://www.skeidgnup.is/þjónusta> og í mars Fréttabréfi Skeið-Gnúp. 2010.

Oddviti.

Landsnámsdagurinn 5. júní!

Það verður mikið um að vera.

Ólafsvallakirkja

Dagskrá um Ólav Tvennumbruna landnámsmann

Húsatóftir “opið býli” - Landnámshænur á ýmsum aldri o.fl.

Skaftholtsréttir - Nýfædd lömb, teymt undir börnum

Þjósárdalsskógur - Skógarkaffi, handverk og leiðsögn

Stöng opið hús og leiðsögn - Fróðlegt

Þjóðveldisbær - skipulögð dagskrá:

Víkingahópur - handverksfólk - örmessur - tónlist

veitingar - sagnamaður - leikverk um Gauk Trandilsson

Allt auglýst nánar síðar!

Undirbúningsnefndin.

Söngfólk og makar Ólafsvallakirkju og Stóra-Núpskirkju ásamt presti sínum og organista fóru í frábært ferðlag austur að Höfn í Hornafirði dagana 7.- 9. maí sl. Messað var á leiðinni í kapellunni á Kirkjubæjarklaustri og svo sungnir tónleikar í Hafnarkirkju.

Á dagskrá var einsöngur, tríó, kvintettsöngur karlakór og svo hefðbundinn blandaður kórsöngur með og án undirleiks.

Kórana langar að bjóða heimafólki að hlusta á efniskrá ferðalagsins sem talað var um að hefði verið góð og verður það auglýst síðar ef af verður.

Pistill frá oddvita.

Ársreikningur

Ársreikningur Skeiða-og Gnúpverjahrepps var samþykktur á fundi sveitarstjórnar þann 4. maí. Niðurstaða hans er vel ásættanleg og í góðu samræmi við stefnu sveitarstjórnar sem er að reka sveitarfélagið af skynsemi og láta enda ná saman. Það hefur gengið vel þetta kjörtímabil sem senn er á enda, öll árin hefur verið hagnaður af rekstrinum og ekki hafa verið tekin nein ný lán á tímabilinu þrátt fyrir að talsvert fé hefur verið sett í viðhaldsmál á fasteignum sveitarfélagsins. Á sama tíma hafa þjónustugjöld hér verið með því lægsta sem gerist á þessu svæði. Rekstrarniðurstaða A hluta sveitarsjóðs var hagstæð um 31.363.678. kr. og samantekið fyrir A og B hluta var niðurstaðan hagstæð um 21.205.663. kr. Veltufé frá rekstri A hluta var 43.248.660.kr. handbært fé í árslok var 88.274.757.kr. Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Héraðsskólinn

Miklar endurbætur hafa að undanförunu verið gerðar á húsnaði gamla Héraðsskólans á Laugarvatni, það er ánægjulegt að sjá því merkilega húsi tekið því taki sem þar er verið að gera. Talsverðar vangaveltur hafa verið um það hvert hlutverk hússins yrði í framtíðinni, það er ekki fullmótað að öðru leiti en því að embætti skipulags og byggingafulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóa mun flytjast í húsnaðið, frekar þröngt er um starfsemina sem þar sem hún er nú til húsa, ekki verður um verulega kostnaðaraukningu að ræða við flutninginn. Það fer vel á því að þessi sameiginlega starfsemi sveitarfélagana verði í þessu virðulega húsi.

Nýsköpun

Til stóð að fá Nýsköpunarmiðstöð til að halda námskeið í okkar sveitarfélagi í stofnun og rekstri smáfyrirtækja, því miður fékkst ekki næg þátttaka til að námskeiðið yrði haldið hér þess í stað var það sameinað öðru slíku og haldið í Þorlákshöfn. Þrír aðilar úr okkar sveitarfélagi sóttu námskeiðið og luku því, ég óska þeim til hamingju og veit að það á eftir að nýtast þeim vel í framtíðinni og verður vonandi til að efla þeirra starfsemi.

Kosningar

Framundan eru kosningar til sveitarstjórnar. Kjósendur í okkar sveitarfélagi hafa úr þremur listum að velja í nú eins og í síðustu kosningum, það er gott að hafa úr einhverju að velja og sýnir áhuga fólks á að taka þátt í sveitarstjórnarmálum. Hvort ég verði í þeirri stöðu að skrifa pistil í næsta fréttabréf fer eftir því hvort sá framboðslisti sem ég er á fær meirihluta í kosningunum eða ekki. Ég vil á þessum tímamótum þakka ykkur fyrir samstarfið á kjörtímabilinu sem senn er á enda og vona að þið njótið sumarsins sem er framundan.

Oddviti



www.skeidagnup.is

**Starfsmann vantar, nokkrar
helgar í sumar í**

Skeiðalaug og Neslaug

Hafið samband við Siggu 486-5500

eða Steinunni í 486-6117



Framkomnir listar til sveitarstjórnarkosninga 2010

Móttæknir 8. maí á auglýstum opnunartíma fyrir móttöku framboðslista til sveitarstjórnarkosninga.

Alls bárust þrír listar og voru þeir allir úrskurðaðir lögmætir og fullgildir.

E listi listi Einingar

1. Björgvin Skafti Bjarnason	230860-4839	Viðskiptafræðingur	Brautarholti 4
2. Jóhanna Lilja Arnardóttir	070669-5529	Aðstoðarskólastjóri	Brautarholti 10b
3. Lára Bergljót Jónsdóttir	250573-5499	Kennari	Blesastaðir 2a
4. Hulda Margrét Þorlákisdóttir	021275-3449	Starfsm. Félagsþjón.	Brjánsstaðir 2
5. Stefanía Sigurðardóttir	190160-3869	Bóndi	Vorsabær 2
6. Rosemarie Brynhildur Þorleifsdóttir	170641-3969	Reiðkennari	Vestra-Geldingaholti
7. Ágúst Guðmundsson	260271-5209	Vélvirkjameistari	Brautarholti 10
8. Jóhannes Eggertsson	201249-2019	Bústjóri	Sléttabóli
9. Hermann Þór Karlsson	150466-4909	Bóndi	Efri Brúnavellir
10. Guðmundur Sigurðsson	101149-2699	Bóndi	Reykhöll

K listi listi Farsælla framfarasinna

1. Gunnar Örn Marteinsson	020458-3649	Oddviti/Bóndi	Steinsholti 2
2. Harpa Dís Harðardóttir	101068-5529	Skóglfræðingur	Björnskoti
3. Jón Vilmundarson	240665-5819	Bóndi	Skeiðháholti 1
4. Sigrún Guðlaugsdóttir	240161-3549	Bóndi	Haga
5. Einar Bjarnason	300464-7269	Kerfisstjóri	Hamrageri 11
6. Björgvin Þór Harðarson	100575-4939	Bóndi	Laxárdal 2a
7. Georg Kjartansson	110770-3249	Bóndi	Ólafsvöllum
8. Tryggvi Steinarsson	090354-5829	Bóndi	Hlíð
9. Ingvar Hjálmarsson	220676-3749	Bóndi	Fjalli 2
10. Halla Sigríður Bjarnadóttir	181266-3259	Bóndi	Hæll 3

N listi Nýir tímar nýtt afl

1. Oddur Guðni Bjarnason	200755-2869	Bóndi	Stöðulfelli
2. Helga Kolbeinsdóttir	221174-4969	Leiðbeinandi	Tröð
3. Jón Einar Valdimarsson	291283-8889	Húsasmíðameistari	Stóra-Núpi
4. Sigprúður Jónsdóttir	170562-5859	Náttúrufræðingur	Eystra-Geldingaholti 1
5. Valgerður Auðunsdóttir	140647-4899	Bóndi	Húsatóftum 1
6. Aaltje Bakker	130664-7099	Meðferðarfulltrúi	Skaftholti
7. Dorothee KatrinLubecki	130763-2199	Menningarfulltrúi	Löngumýri
8. Jökull Helgason	011162-2159	Bóndi	Ósabakka 1
9. Jón Þorsteinn Hjartarson	190562-4689	Húsvörður	Brjánsstaðir
10. Margrét Steinþórsdóttir	180446-4949	Leikskólakennari	Háholti

Kjörfundur verður í Brautarholti.

Frá Hestamannafélaginu Smára

Ágætu félagar

Það er Landsmótsár og þá þarf að vera úrtaka fyrir það, hún hefur verið ákveðin í samráði við nokkur önnur hestamannafélög á suðurlandi. Stefnt er að halda hana á Gaddstaðaflötum dagana 11.-14. júní, þetta verður einnig gæðingamót og boðið verður upp á að knapar geti farið 2 ferðir ef þeir vilja. Vek athygli á að byrjað er fimmtudaginn 11. á A flokki gæðinga og úrslit verða á sunnudag þann 14.

Stefnt er að því að ráðinn verði þjálfari fyrir börn og unglinga eins og fyrir fyrri Landsmót, gott væri ef þið félagar góðir yrðuð í sambandi við okkur í stjórninni eða æskulýðsnefndinni og kæmuð á framfæri, ef áhugi er fyrir hendi hjá ykkar krökkum sem vilja reyna sig við úrtöku á Landsmót. Það mun verða einn þjálfari ef hann finnst fyrir alla og stefnt er að því að byrjað verði sem fyrst. Vilji knapar leita annað er það á þeirra kostnað. Eitthvað er kvefpestin að gera einhverjum lífið leitt þessa dagana en það stytir upp um síðir og þetta lagast vonandi fljótt.

Stjórnin

Almennur framboðsfundur allra lista vegna sveitarstjórnarkosninganna verður haldinn í Félagsheimilinu Árnesi þann 26. maí 2010.

Nánar auglýst síðar.

E Listi - listi Einingar

K Listi - listi Farsælla framfarasinna

N Listi - Nýir tímar nýtt afl

Næsta Fréttabréf kemur út föstudagurinn 14. maí.

Skilafrestur efnis er til sunnudagsins 9. maí.

Umsjón með fréttabréfinu hefur Kristjana Gestsdóttir - frettabref@skeidgnup.is
Ábyrgðarmaður Gunnar Örn Marteinsson, oddviti.

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er opin mánudaga-fimmtudaga frá
kl. 9-12 og 13-15. Sími 486-6014 Fax 486-6091 www.skeidgnup.is

**Skólaslit verða mánudaginn 31. maí kl. 16:00 í
Félagsheimilinu Árnesi.**

Þá útskrifum við 8 nemendur sem fara á Flúðir í haust og kveðjum
2 sem flytja frá okkur. Á skólaslitunum syngur kór skólans, veittar
eru viðurkenningar, afhentur vitnisburður og sýnd eru fjölbreytt verk
nemenda í salnum. Allir eru velkomnir á skólaslitin.
Skólastjóri.



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3 sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00,

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:

856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán



TAXI – TAXI


LEIGUBÍLL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU
8 FARÞEGA BÍLL, STAÐSETTUR Á FLÚÐUM
HAFIÐ SAMBAND Í SÍMA: 893-1462 (UNNAR)

Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300

Sími í neyðartilvikum 892- 8804

Handverks og sögusýning

Iðufelli, Laugarási, Hótel Hvítá



Um hvítasunnuhelgina 21.- 24. maí
verður haldin handverks- og sögusýning

á Hótel Hvítá.

Á sýningunni verður eins og nafnið
gefur til kynna ýmis konar handverk, ásamt sýningu á gömlum
munum. Handverksfólki gefst nú kostur á að bóka bás til að sýna
og selja vörur sínar. Sýningin opnar föstudaginn 21. maí kl. 15:00 -
kl. 20:00. Laugardag, sunnudag og mánudag verður opið kl. 12:00 -
19:00. Þetta er sölusýning og kjörinn vettvangur fyrir handverks-
fólk að koma saman og selja vöru sína. Áhugasamir hafi samband
við Snæbjörn Magnússon, á Hótel Hvítá sími 486 1300 netfang
hotelhvita@simnet.is

Nánari upplýsingar og teikningar af sýningarsvæði á
<http://hotelhvita.123.is>

Fótbolti!



Fótboltaæfingar á sunnudagskvöldum á
sparkvellingum við Þjórsárskóla.

Mæting kl. 20:30

Allir velkomnir.

Sumarkveðja

UMF Gnúpverja.



Á bak við eldavélina



Hundasúrupestó fyrir fjóra

80 g hundasúrir, graslaukur, fíflablöð, steinselja eða annað grænt sem til er.

25 g furuhnetur

1 hvítlauksgeiri

Salt

Ólífuolía

3 msk. ferskur rifinn parmesan ostur

Setjið það græna, hnetur, hvítlauk og salt í matvinnsluvél þannig það saxist smátt. Bætið olíu útí þangað til að ykkur finnst það mátulega lint. Bætið ostinum við í lokin.

Birkisósa


1 dós 10% sýrður rjómi

1 hnefi nýttind birkilauf

Salt

Skerið eða klippið laufin og blandið öllu saman.

Þó ég gefi upp magn af laufinu, þá er það ekki mikið atriði, prófið ykkur áfram. Það er betra ef það fær að standa í um það bil klst. áður en borðað er.



Broccoli salat

1 broccoli hau

1 hnefi sólblómafræ

80 g rúsínur

1 rauðlaukur

Hausinn skorinn í búta og allt set í skál.




1 dós 10% sýrður rjómi

2 msk. rauðvinsedik

1,5 msk. hrásykur

Hrærið öllu saman og hellið yfir salatið.



Ég skora á Kirsten á Leiti að koma með gómsæta uppskrift í næsta Fréttabréfi.
Kær kveðja. Bolette

Helgihald í maí 2010.

Stóra-Núpskirkja


Hátíðarmessa og ferming

Hvítasunnudagur 23. maí kl. 11:00

Fermd verður:

Margrét Hrund Arnarsdóttir

Gunnbjarnarholti



Ólafsvallakirkja

Hátíðarmessa

Annar í hvítsunnu, 24. maí kl. 11:00

Prestur, Sr. Eiríkur Jóhannsson

Organisti, Þorbjörg Jóhannsdóttir

Kirkjukórar leiða söng.

Viola Snyrtistofa á Flúðum

Högnastíg 1

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsböð

Húðhreinsun

Litun og plökkun

Handsnyrting

Fótsnyrting

Förðun

Vaxmeðferð



Hef til sölu húðvörur fyrir bæði dömur og herra frá GUINOT og förðunarvörur frá NO NAME

Tímapantanir í síma 566-8342 og 856-1599

Námskeið í jazzballet sem haldið verður á Flúðum í sumar!



Þetta er skemmtilegt námskeið og er kjörið tækifæri fyrir stelpur sem hafa áhuga á að kynnst aðeins dansheiminum.

Námskeiðið hefst 14. júní og stendur til 1. júlí og verður kennt 3 x í viku.



Kennt verður frá mánudegi til fimmtudags.

6 - 8 ára frá klukkan 13:00 - 14:00

9 - 12 ára frá klukkan 14:00 - 15:30

13 - 16 ára frá klukkan 16:00 - 17:30

Verð á námskeiðinu er 5.000 krónur.

Skráning fer fram á **thordis@pds.is** og þarf að skrá sig fyrir 25. maí.

Hlakka til að sjá ykkur sem flestar!

Þórdís Gísladóttir



Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Triáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufræðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Lestrarfélag

Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Bókahúsinu Brautarholti

bokasafn@skeidgnup.is

S: 486-5505

Opnunartími:

Mánudagur kl. 16 -18

Miðvikudagur kl. 16 -18

Fimmtudagur kl. 20 -22



Sumarlokun í júlí.

Lokað verður frá og með 30. júní - 4. ágúst.

Verið nú dugleg að skila inn bókunum!

Forstöðumaður.

Frá Búnaðarfélagi Gnúpverja

Öll tæki félagsins eru eins og áður í umsjón Einars í Heiðarbrún.

Sími Búnaðarfélagsins er: **845-0891**

Gjaldskrá 2010:

Haugsuga 11,5 T	7.500 kr pr. dag
Haugsuga 13,5 T	11.000 kr pr. dag
Skádæla	6.000 kr pr. dag
Brunndæla	6.000 kr, pr. dag
Rafmagns flórhæra	6.000 kr pr. dag
Pinnatæteri	3.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 1.500 kr/klst.
Flag- og túnvaltari 6,3 m, með jöfnunarborði	3.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.000 kr/klst.
Plógur	1.500 kr/klst. Lágmarksgjald 4.500 kr.
Fjaðraherfi	1.500 kr/klst. Lágmarksgjald 4.500 kr.
Hagasláttuvél	2.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 1000 kr/klst.
Sláttuvél m/knossara og færib.ofl. 4 m	5.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 3.500 kr/klst
Diskaherfi 4,5 m (Staðs. Norðurg.)	3.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.000 kr/klst.
Flaghefill	1.000 kr/klst. Lágmarksgjald 3.000 kr.
Steypuvél	50 kr/poka, startgjald 3.000 kr.
Flatvagn 12t (rúlluvagn)	5.000 kr/dag.
Tveggjahesta kerra	3.500 kr Heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 5.000 kr/dag
Fjölnotakerra	4.000 kr Heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 5.000 kr/dag

Gjaldskráin gildir einnig fyrir félagsmenn í Búnaðarfélagi Skeiðamanna.

Ætlast er til að tæki komi hrein úr útleigu. Ef misbrestur verður á því áskilur Búnaðarfélagið sér rétt til að taka sérstakt gjald fyrir þrif, en það er **15.000 kr.**

Skemmdir á tækjum vegna vítaverðs gáleysis greiðast af leigutaka !!

Bent skal á að mögulegt er að fá tæki hjá Búnaðarfélagi Skeiðamanna ef öll tæki Búnaðarfélags Gnúpverja eru upptekin.

Kveðja.

Búnaðarfélag Gnúpverja

Landbúnaðarverslun

Sendum með
mjólkurbílum



Þvottarefni fyrir..

mjólkurtanka, mjaltakerfi, mjaltapjóna, eldhúsið og þvottahúsið



Rafgirðingarefni



Skeifur
og fjaðrir

Sleipiefni og
litaspray
fyrir
sauðburðinn



Sjón er sögu ríkari

Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss

Sími 480 5600
landstolpi.is

Opnun sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Neslaug s: 486 6117 - Skeiðalaug s: 486 5500

Sumaropnun
5. júní—15. ágúst 2010

	<u>Skeiðalaug</u>	<u>Neslaug</u>
Mánudaga:	13 – 18	13 – 21
Þriðjudaga:	13 – 21	13 – 18
Miðvikudaga:	13 – 18	13 – 21
Fimmtudaga:	13 – 21	13 – 18
Föstudaga:	13 – 18	13 – 18
Laugardaga:	10 – 18	10 – 18
Sunnudaga:	10 – 18	10 – 18

Hætt er að
selja inn
hálf tíma
fyrir
lokun!